

# Verklagsreglur um úthlutun starfsstyrkja á frístunda- og menningarsviði

## 1. Markmið

Grindavíkurbær gerir samstarfssamninga við einstaklinga, félag, félagasamtök og/eða stofnanir á frístunda- og menningarviði. Markmið samninganna er að:

- Draga úr kostnaði við frístunda- og tómstundaiðkun barna og unglinga í Grindavík.
- Styðja við starf með börnum á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi.
- Vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.
- Styðja við afreksstarf hjá íþróttafélögum í Grindavík.
- Styðja við menningarstarfsemi í samræmi við menningarstefnu Grindavíkurbæjar.
- Styðja við viðburðahald í Grindavík.
- Styrkja einstaklinga og félagasamtök til lista- og menningarsköpunar í Grindavík.

## 2. Styrkhæfni

Skipulagt frístunda- og menningarstarf þarf að uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum til þess að það teljist styrkhæft:

- Starfsemin/viðburður skal vera opin íbúum í Grindavík.
- Starfsemin sé ekki rekin í ágóðaskyni.
- Starfsemin fellur að menningarstefnu Grindavíkurbæjar.
- Starfsemin fellur að frístundastefnu Grindavíkurbæjar.
- Starfsemin fellur að íþróttastefnu Grindavíkurbæjar.
- Aðilar, frístunda- og menningarstarf eða viðburður skal tengjast Grindavík með einhverjum hætti.

## 3. Umsókn um styrk

Frístunda- og menningarnefnd auglýsir starfsstyrki til úthlutunar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Umsóknnum skal skilað á þar til gerðu eyðublaði til sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs eigi síðar en 31. maí ár hvert. Umsóknir skulu lagðar fyrir frístunda- og menningarnefnd í júní. Frístunda- og menningarnefnd skal gera tillögu til bæjarráðs vegna starfsstyrkja eigi síðar en 15. september.

## 4. Styrktartímabil

Samningar Grindavíkurbæjar við félagasamtök á frístunda- og menningarviði gilda frá 1. janúar til 31. desember. Samningar eru ekki gerðir til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Allir samningar skulu hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest.

## 5. Tegundir styrkja

Grindavíkurbær veitir stuðning í formi fjárframlaga og/eða afnota af húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Grindavíkurbæ er heimilt skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs-starfs, tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Sé húsnæði jafnframt notað til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og ber sveitarstjórn þá að leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

*Samþykkt á fundi frístunda- og menningarnefndar Grindavíkurbæjar 20. Ágúst 2019*

*Samþykkt á fundi bæjarráðs Grindavíkurbæjar 14. ágúst 2019*